

# Lög

**um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar  
og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum).**

---

## I. KAFLI

**Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar,  
nr. 57/1996, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrrí löndunum skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur. Skal vigtunarleyfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Vigtunarleyfishafi greiðir allan kostnað vegna eftirlits samkvæmt þessari málsgrein. Um fjárhæð og kostnað eftirlitsmannsins fer eftir gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.**

3. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: yfirstöðu við vigtun.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 1. júní 2017.*